



Jafnréttisáætlun Langanesbyggðar

Jafnréttisáætlun Langanesbyggðar er unnin samkvæmt 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Áætlunin tekur til verkefna jafnréttisnefndar, stjórnkerfis og starfsmannastefnu sveitarfélagsins, samspils atvinnu- og fjölskyldulífs, kannana og rannsókna, fræðslu og leiðsagnar, kynningar og endurskoðunar. Markmiðið með áætluninni er að tryggja jafnrétti kynjanna og stuðla að kynjasambættingu í allri starfsemi sveitarfélagsins. Tilmælum er einnig beint til annarra aðila að tryggja jafnrétti. Leiðir til þess að ná markmiðunum er að finna í áætluninni.

Umfang jafnréttisáætlunar

Jafnréttisáætlun Langanesbyggðar nær til stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmanna þess. Þá nær áætlunin einnig til þeirrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana sveitarfélagsins. Auk þess eru tilmæli í áætluninni sem beint er til fyrirtækja og starfsemi sem er óháð rekstri sveitarfélagsins.

Jafnréttismál heyra til félagsmála Langanesbyggðar. Til þess að framfylgja jafnréttisáætlun og framfylgja verkefnum á sviði jafnréttismála skal gert ráð fyrir framlagi á fjárhagsáætlun á ári hverju.

Jafnréttisnefnd heyrir undir sveitarstjórn Langanesbyggðar starfar í umboði sveitarstjórnar að jafnréttismálum í sveitarfélaginu. Jafnréttisnefnd hefur með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málum er varða jafnrétti kvenna og karla. Einnig skal nefndin fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þ. m. t. sértækum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Jafnréttisnefnd endurskoðar jafnréttisáætlun sveitarfélagsins í upphafi hvers kjörtímabils og leggur fyrir sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir kosningar.

Jafnréttisnefnd kallar til ráðgjafar og samstarfs þá starfsmenn sem hún telur nauðsynlegt óháð því á hvaða sviði þeir starfa. Slík vinnubrögð auðvelda sambættingu jafnréttissjónarmiða við aðra meginstarfsemi sveitarfélagsins.

Því er beint til stjórnenda á vegum sveitarfélagsins að sjá til þess að marmið jafnréttisáætlunarinnar nái fram og að þeir stuðli að auknu jafnrétti kynjanna í allri starfsemi á vegum sveitarfélagsins.

Nefndir og ráð

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Langanesbyggðar skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki lægra en 40% hjá því kyni sem hallar á þegar fleiri en 3 eiga sæti í viðkomandi nefnd.

Jafnræði á vinnustöðum

Á vinnustöðum skal eftir föngum tryggja jafnræði kynjanna. Stjórnendur stofnana skulu gæta þess að jafnrétti endurspeglist í ákvörðunum þeirra við ráðningar og uppsagnir starfsfólks, tilfærslur í störfum og viðfangsefnum þeim er starfsmönnum er ætlað að sinna.

Stefnt skal að svipuðu hlutfalli karla og kvenna á vinnustöðum sveitarfélagsins. Á vinnustöðum þar sem annað hvort kynjanna er í miklum minnihluta skal leitast við að rétta hlut þess sem halloka fer við nýráðningar.

Auglýsingar og ráðningar starfsmanna

Lausar stöður hjá sveitarfélaginu skulu ávallt auglýstar til umsóknar. Auglýsingar skulu vera aðgengilegar öllum. Á þeim vinnustöðum þar sem annað kynjanna er ráðandi skal koma fram hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um laus störf. Halda skal í heiðri þeirri reglu að þeir sem ráðnir eru uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru til starfsins. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði, sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008. Starfsmönnum er ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Samspil atvinnu- og fjölskyldulífs

Stuðla skal að sem bestu samspili atvinnu- og fjölskyldulífs meðal starfsmanna sveitarfélagsins. Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Til að auðvelda þetta skal starfsfólk eftir því sem við verður komið eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma og/eða breyttum starfshlutföllum. Tekið skal tillit til starfsmanna sem þurfa að taka á sig aukna fjölskylduábyrgð vegna óviðráðanlegra og eða brýnna fjölskylduaðstæðna. Aðrir vinnuveitendur í sveitarfélaginu eru hvattir til þess að gera slíkt hið sama.

Tekið skal tillit til kvenna á meðgöngutíma og foreldra við umönnun ungbarna, sbr. 21. gr. laga nr. 10/2008.

Starfsmenn sveitarfélagsins skulu hafa möguleika á sveigjanlegu orlofi eftir því sem við verður komið.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni, sbr. 22 gr. laga nr. 10/2008, er með öllu óheimil á vinnustöðum sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitarfélagsins og forsvarsmenn íþrótta- og æskulýðsstarfs bera ábyrgð á að þess sé gætt að starfsfólk, nemar, iðkendur og aðrir notendur verði ekki fyrir kynferðislegu áreitni né kynbundnu áreitni. Verði uppvíst um slíka hegðun ber að gera viðkomandi yfirmanni eða trúnaðarmanni viðvart og skal endir bundinn á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

Kannanir og rannsóknir

Jafnréttisnefnd skal halda áfram rannsóknum á stöðu kynjanna í sveitarfélaginu. Í þessu skyni skal aflað tölfræðilegra upplýsinga um stöðu karla og kvenna á ýmsum skilgreindum sviðum. Skal miðað við að gera það einu sinni á kjörtímabili. Þetta skal gert meðal annars með kyngreindum tölfræðilegum upplýsingum og annarri faglegri nálgun á viðfangsefninu.

Fræðsla og leiðsögn

Jafnréttisnefnd skal hvetja til fræðslu um jafnréttismál og leiðir til þess að jafna stöðu karla og kvenna. Öllum starfsmönnum sveitarfélagsins skal standa slík fræðsla til boða. Einnig skulu þeir eiga rétt á ráðgjöf og leiðsögn við einstök mál.

Jafnréttisnefnd skal veita öllum íbúum Langanesbyggðar sem þess óska fræðslu og aðstoð í jafnréttismálum. Einnig skal nefndin leiðbeina íbúum við kærur til kærunefndar jafnréttismála.

Jafnrétti meðal barna og unglunga

Sérstök rækt skal lögð við jafnréttisfræðslu hjá börnum á leikskóla- og grunnskólaaldri, með vísan til 23 gr. laga nr. 10/2008. Á þessu æviskeiði mótast viðhorf einstaklinganna til grundvallarþátta daglegs lífs.

Jafnréttisnefnd beinir því til skólayfirvalda á öllum skólastigum og til forstöðumanna íþróttá- og æskulýðsstarfs að veitt sé fræðsla um jafnréttismál. Lögð verði áhersla á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Gæta skal kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tólmundastarfi.

Í náms- og starfsfræðslu í skólum skal lögð sérstök áhersla á að kynna bæði drengjum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf. Þess skal sérstaklega aðgætt að kennslu- og námsgögn sé þannig gerð að kynjum sé ekki á nokkurn hátt mismunað.

Ríkari áhersla verði lögð á sjálfstyrkingu sem hluta af námi á öllum skólastigum. Þess skal gætt í íþróttá- og æskulýðsstarfi sveitarfélagsins að kynjum sé ekki á nokkurn hátt mismunað.

Jafnréttisviðurkenning

Jafnréttisnefnd, f.h. sveitarstjórnar Langanesbyggðar, veitir einu sinni á hverju kjörtímabili viðurkenningu til þeirrar stofnunar eða fyrirtækis í sveitarfélaginu sem mest hefur unnið að framgangi jafnréttisáætlunarinnar og/eða sýnt jafnréttismálum sérstakan alhug í verki.

Endurskoðun og kynning

Jafnréttisáætlunin skal send inn á hvert heimili, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins og aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Áætlunina skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar 8. mars 2012

Greinargerð um aðdraganda jafnréttisáætlunar

Jafnréttisnefnd Langanesbyggðar fer með málefni jafnréttismála samkvæmt lögum nr. 10/2008 og samkvæmt jafnréttisáætlun Langanesbyggðar sbr. samþykkt sveitarstjórnar Langanesbyggðar umbreytingar á samþykktum Langanesbyggðar þann 18. júní 2008.

Jafnréttisnefnd Langanesbyggðar hefur samþykkt að vísa til samþykktar sveitarstjórnar nýrri jafnréttisáætlun Langanesbyggðar. Þetta er fyrsta jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Við gerð þessarar áætlunar var stuðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem samþykkt voru á Alþingi 26. febrúar 2008. (nr.10/2008) í 2. mgr. 12. gr. laganna segir:

„Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.“

Jafnréttisnefnd mun á næstunni hefja vinnu framkvæmdaáætlunar sem er nýmæli í lögnum. Jafnréttisáætlun sú sem nú liggur fyrir tekur til verkefna jafnréttisnefndar, stjórnkerfis og starfsmannastefnu sveitarfélagsins, samspils fjölskyldu- og atvinnulífs, kynbundinnar áreitni og kynferðislegrar áreitni, fræðslu í skólum og öðrum stofnunum fyrir börn og unglinga, kannana og rannsókn, fræðslu og ráðgjafar, jafnréttisviðurkenningar og kynningar.

Meðal atriða í þessari áætlun eru tilmæli til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að sjá til þess að ná fram markmiðum áætlunarinnar og að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í allri starfsemi sveitarfélagsins. Aukin áhersla er lögð á sem jafnasta skipan kynjanna í nefndir, ráð og stjórnir hjá Langanesbyggð. Vakin er athygli á kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni og ábyrgð allra aðila gagnvart slíku athæfi. Huga skal sérstaklega að kynjasambættingu við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla, uppeldis, íþrótt- og tómstundastarfi.

Markmið með áætluninni er að tryggja jafnrétti kynjanna í allri starfsemi sveitarfélagsins. Tilmælum er einnig beint til annarra aðila að tryggja jafnrétti. Leiðir til þess að ná markmiðunum er að finna í áætluninni.

Skilgreiningar á eftirfarandi hugtökum í jafnréttisáætluninni eru miðaðar við orðskýringar í 2. gr. laga nr. 10/2008:

Kynbundin áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Kynjasambætting: Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Laun: Almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Kjör: Laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.

